

Samhentir Kassagerð hf.
Suðurhrauni 4a.
210 Garðabæ

Reykjavík, 15. nóvember 2024
UST202404-042/K.S.G.
07.07.02

Niðurstaða eftirlits - Söluskrár fyrir notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur og útrýmingarefni 2023 - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 13.9.2024 um niðurstöðu eftirlits þar sem eru gerðar kröfur um úrbætur vegna söluskrár fyrir notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur og útrýmingarefni hjá Samhentum Kassagerð hf.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir vegna málsins.

Vakin er athygli á að þegar starfsmaður fyrirtækisins sem nú er skráður á námskeið fyrir ábyrgðaraðila í markaðssetningu hefur lokið því þarf að tilnefna hann sem ábyrgðaraðila til Umhverfisstofnunar og uppfæra verklagsreglur fyrirtækisins vegna söluskrár notendaleyfisskyldra vara m.t.t. þess.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023. Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 20.800.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, í síma 591-2000 eða gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir
sérfræðingur

Hafdís Inga Ingvarsdóttir
sérfræðingur

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>